



Nafn barns	Kennitala	
Lögheimili	Sími	
Nafn móður/forráðamanns	Kennitala	Netfang
Vinnustaður	Vinnusími	GSM sími
Nafn föður/forráðamanns	Kennitala	Netfang
Vinnustaður	Vinnusími	GSM sími
Nafn og fæðingarár systkina		
Nafn og símanúmer næsta aðstandenda ef ekki næst í foreldra		
Verður barnið sótt í frístund? Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>		

Dvalartími barns í frístund:

Síðdegishressing:

Mánudaga frá kl. til kl.
Þriðjudaga frá kl. til kl.
Miðvikudaga frá kl. til kl.
Fimmtudaga frá kl. til kl.
Föstudaga frá kl. til kl.

Dvalarsamningur þessi gildir út skólaárið. Ef foreldrar/forráðamenn óska eftir að gera breytingu á dvalartíma skal hún berast forstöðumanni Frístundar skriflega eða rafrænt í síðasta lagi fyrir 20. hvers mánaðar og miðast breyting við 1. næsta mánaðar.

Frístundargjöld eru innheimt með greiðsluseðli eða boðgreiðslum. Greitt er fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir frá og með gjalddaga, sem telst vera dagsetning greiðsluseðils. Skuldi foreldrar 3 mánuði er barninu sagt upp frístund **og þá er skuldin komin í innheimtu hjá innheimtufyrirtæki.**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Uppsögn skal berast forstöðumanni Frístundar skriflega eða rafrænt í síðasta lagi fyrir 20. hvers mánaðar Forstöðumaður gefur upplýsingar um gjaldskrá. Fjölskylduafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og/eða Frístundar. **Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.**

Á starfstíma grunnskólans lokar Frístund þrjá daga á hverju skólaári vegna skipulagsdaga starfsfólks. Þessa daga notar starfsfólkið til að undirbúa og skipuleggja starfið og til endurmenntunar. Þeir dagar sem lokað er skulu koma fram á skóladagatali grunnskólans og vera auglýstir með minnst mánaðar fyrirvara.

Slysstrygging: Ef barn slasast í Frístund greiðir grunnskólinn fyrstu heimsókn á slysadeild, þó aðeins upp að tilteknu hámarki. Heimilistrygging barnsins tekur svo á málinu, en þegar henni sleppir tekur slysstrygging bæjarins við en sú trygging á aðeins við um líkamstjón, en ekki tjón á munum o.þ.h.

Starfsfólk Frístundar er bundið þagnarskyldu samkvæmt starfsmannastefnu Akureyrarbæjar og lögum og reglugerðum er fjalla um umönnun barna.

Með undirritun á skjal þetta, skuldbinda foreldrar/forráðamenn sig til þess að virða ofangreinda skilmála og taka á sig þær fjárhagsskuldbindingar sem í samningnum felast.

Annað sem foreldrar / forráðamenn vilja taka fram:

Gildistími sammings er frá og með: _____

Dagsetning

Undirskrift forstöðumanna frístundar

Undirskrift foreldris/forráðamanns